

## 2006 nr. 68 14. júní

### Lög um stofnun Matvælarannsókna hf.

Tóku gildi 30. júní 2006. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 88/2020 (tóku gildi 22. júlí 2020 nema 14. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2021).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfeasnvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr.

- Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag, sem nefnist Matvælarannsóknir hf., um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfs-samning milli Iðntækistofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar.
- Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum.

#### ■ 2. gr.

- Tilgangur félagsins er að sinna rannsónum og nýsköpun að sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaþryggis og fjármálagrei umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

□ Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

□ Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmaston hátt skv. 1. mgr.

#### ■ 3. gr.

- Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

#### ■ 4. gr.

- Stjórn félagsins skal skipuð sjö mönnum. Þeir skulu kosnið á aðalfundi ár hvert. [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með eignarhlut ríkis-sjóðs í félaginu.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 432. gr.

#### ■ 5. gr.

- Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Mat-

vælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfis-stofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðila-skipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

- Um biðlaunarátt, sem kann að hafa fylgt störfum í fram-angreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

#### ■ 6. gr.

- Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfis-stofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélagini með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálfþíð starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

#### ■ 7. gr.

- Matvælarannsóknum hf. er skylt að halda uppi tilskil-inni öryggispjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu lands-manna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaefirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

#### ■ 8. gr.

- Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2007.

#### ■ 9. gr.

- Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### ■ 10. gr. ...

#### Ákvæði til bráðabirgða.

##### ■ I.–III. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2020, 12. gr.

##### ■ IV.

- Prátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lögaðila án starfsemi vegna upp-gjörs og aðildar að sammingum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. janúar 2007.